

hreppsins, ef nokkur er. Einnig skal „Árblik“ sjá um, að ákvæði þess- 81
 arar skipulagsskrár sjeu uppfyllt að öðru leyti. 5. desbr.

Á hverjum ársfundi fjel. „Árblik“ skulu lagðir fram endur-
 skoðaðir reikningar yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Leggist fjel. „Árblik“ niður, skal sjóðnum stjórnað af búnað-
 arfjelagi hreppsins, ef nokkurt er, annars af nreppsnefnd Flateyjar-
 hrepps, og hefir þá búnaðarfjelagið eða hreppsnefndin sömu skyldum
 að gæta og að ofan er skráð.

9. gr.

Dómsnefnd skal kosin til 4 ára í senn og skal hún gera sjer far
 um að kynnast sem best öllu er að því lýtur, að verðlaunum verði
 úthlutað rjettlátlega.

Verðlaun skulu afhent í maímánuði.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningar- 82
 sjóð Eggerts Ólafssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 16. desbr.
 dóms- og kirkjumálaráðherra 16. desember 1927. Skipulagsskráin er
 þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Eggerts Ólafssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Eggerts Ólafssonar“ og er
 hann til orðinn af samskotafje, er safnað hefir verið með frjálsum sam-
 skotum síðastliðin 10 ár fyrir forgöngu Hins íslenska náttúrufræðisfje-
 lags. Jafnframt gerði dr. Helgi Jónsson, grasafræðingur, á deyjanda
 degi ráðstöfun til þess, að andvirði náttúrugripasafns hans gangi til
 minningarsjóðsins; myndar það sjerstaka deild, er nefnist „Dánargjöf
 dr. Helga Jónssonar.“

2. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim
 skilmálum, að höfuðstólinn má aldrei skerða, en af ársvöxtunum greið-
 ist árlega til sjóðsstjórnarinnar 600 — sex hundruð — krónur ásamt

82 $\frac{1}{4}$ — einum fjórða — hluta þeirra vaxta, sem þar eru um fram. Af gangur vaxtanna leggist við höfuðstólinn.

16. desbr

Gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast, skulu jafnan lagðar við höfuðstólinn, nema gefendur mæli öðruvísi fyrir.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. að styðja útgáfu vísindalegra rita um íslenska náttúrufræði og eins útgáfu vísindalegra náttúrufræðisrita almenns efnis eftir íslenska menn, og jafnframt þýðingu slíkra rita á víðlesin erlend tungumál;
2. að styrkja náttúrufræðisrannsóknir, er snerta Ísland sjerstaklega, og ennfremur, ef efni leyfa, almennar náttúrufræðisrannsóknir, sem íslenskir menn gera.

4. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd, og kýs stjórn Hins íslenska náttúrufræðisfjelags tvo stjórnarnefndarmenn ásamt tveim varamönnum, en aðalkennari í náttúrusögu við hinn almenna menta-skóla Reykjavíkur er sjálfkjörinn oddamaður í nefndina, þar til sjerstakur kennari í náttúrufræði er skipaður við háskólann. Skal þá sá háskólakennari vera hinn sjálfkjörni oddamaður, eða ef háskólakennararnir í náttúrufræði eru 2 eða fleiri, þá sá maður, er þeir velja til starfsins. Farist það fyrir, að þessi þriðji maður taki sæti í nefndinni, eins og að ofan segir, velur stjórn Náttúrufræðisfjelagsins, meðan svo stendur, mann í hans stað. Sæki nefndarmaður um fjárveitingu úr sjóðnum, skal hann víkja úr stjórninni, meðan svo stendur. Stjórn Náttúrufræðisfjelagsins nefnir sína menn í stjórn sjóðsins til fjöggra ára í senn, nema í fyrsta skifti skal hún nefna annan þeirra ásamt varamanni aðeins til tveggja ára.

5. gr.

Stjórn sjóðsins heimtir inn vexti þá, er árlega falla til útborgunar samkvæmt 2. gr., og ákveður, hvernig því fje skuli varið samkvæmt 3. gr. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hún gerir árlega reikningsskil fyrir sjóðnum. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir, úrskurðaðir og birtir á sama hátt og ársreikningur Hins íslenska náttúrufræðisfjelags.

Stjórnarnefndarmenn skifta sjálfir með sjer verkum, en stjórn Náttúrufræðisfjelagsins er heimilt að ákveða þeim þóknun fyrir starfið af fje sjóðsins, þegar hann er orðinn svo stór, að ástæða þykir til þess,

Sjerákvæði um dánargjöf dr. Helga Jónssonar.

82

16. desbr.

Tilgangur þessarar deildar, sem hefir fjárhag og reikningshald fyrir sig, er hinn sami, sem aðalsjóðsins, sbr. 3. gr. 1.—2., með þeirri takmörkun, að styrk frá henni má aðeins verja til rita og rannsókna, er fjalla um grasafraði.

Þegar fjárhagur deildarinnar leyfir, má af vöxtum hennar veita hæfilegan styrk til stofnunar og reksturs grasagarðs.

Setji sjóðurinn, í fjarlægri framtíð, á stofn náttúrufræðilega rannsóknarstofu, má af vöxtum deildarinnar leggja fram $\frac{1}{5}$ — fimta hluta — stofn- og reksturskostnaðar.

Fje deildarinnar ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þessum skilmálum:

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Allir vextir leggjast við höfuðstólinn, þar til dánargjöfin, 10.000 kr., er að fullu innborguð í Söfnunarsjóðinn. Eftir það greiðist til stjórnar sjóðsins helmingur árlegra vaxta, en helmingur þeirra leggist við höfuðstólinn, þar til deildarsjóðurinn er orðinn 200.000 krónur. Þá falla til útborgunar $\frac{3}{5}$ — þrír fimtu — hlutar ársvaxta, en $\frac{2}{5}$ leggjast við höfuðstól, uns sjóðurinn er orðinn 500.000 krónur. Þá falla til útborgunar $\frac{4}{5}$ — fjórir fimtu — hlutar ársvaxta, en $\frac{1}{5}$ leggist við höfuðstól, uns sjóðurinn er orðinn ein miljón króna. Eftir það falla til útborgunar $\frac{9}{10}$ — níu tíundu hlutar — ársvaxtanna, en $\frac{1}{10}$ — einn tíundi hluti — þeirra leggst við höfuðstól um aldur og ævi.

Meðan sjóður deildarinnar er lítill, og árlegir vextir nema eigi verulegri upphæð, skulu þeir dregnir saman um nokkur ár, (t. d. 3—5) eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar, svo að aldrei verði varið fje frá deildinni til annars en þess, sem til verulegrar nytsemdar megi verða.

Að öðru leyti gilda sömu reglur um deildina sem um aðalsjóðinn.

Reykjavík, 8. september 1927.

Í nefnd Minningarsjóðs Eggerts Ólafssonar.

P. Þorkelsson. *Eggert Briem.* *Ögmundur Sigurðsson.*

Magnús Helgason. *Bjarni Sæmundsson.* *Pálmi Hannesson.*

Jónas Jónsson. *Guðm. G. Bárðarson.*